

um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga í samráði við Flugleiðir hf. og önnur flugfélög, er hagsmuna hafa að gæta, á hvern hátt hagkvæmast sé að koma upp aðstöðu til viðgerða og viðhalds flugvélum á Keflavíkurflugvelli.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og er endurflutt nú.

Flugið er vaxandi þáttur í atvinnulífi Íslendinga. Þrátt fyrir aðsteðjandi erfiðleika nú um sinn í flugrekstrinum telja flestir, að þessi atvinnugrein eigi sér mikla framtíð í atvinnustarfsemi landsmanna.

Keflavíkurflugvöllur er eini alþjóðlegi flugvöllurinn á Íslandi. Erlendar og innlendar flugvélar hafa notað hann til millilendinga á flugi yfir Norður-Atlantshaf og í sambandi við þær hefur risið upp talsverð atvinnustarfsemi þar, sem væntanlega fer vaxandi í framtíðinni.

Á Keflavíkurflugvelli vantar þó tilfínanlega viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu fyrir flugvélar, sem þarf að vera fyrir hendi á vel búnum alþjóðlegum flugvelli. Sú aðstaða, sem fyrir hendi er, er að langmestu leyti á vegum varnarliðsins og fyrir herflugvélar.

Tímabært er því að athuga, hvernig best má að þessum málum standa í framtíðinni, og má minna á tvennt í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi standa nú fyrir dyrum miklar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Er m. a. gert ráð fyrir að skilja alveg að hernaðarflugspjónustuna og farþegaflugspjónustuna. Er stefnt að byggingu nýrrar flugstöðvar fyrir farþegaflug á nýjum stað á vellinum og miklum framkvæmdum til þess að búa betur að þessari starfsemi. Viðgerðar- og viðhaldspjónusta flugvéla þyrfti að vera þáttur þessara framkvæmda.

Í öðru lagi brann viðgerðarflugskýli Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli til grunna í s. l. janúarmánuði. Sú starfsemi, sem þar fór fram, er því á hrakhólum um sinn og ekki vitað nú, hvernig úr verður bætt svo haganlegast sé.

Um hundrað manns, að mestu leyti lærðir flugvirkjar, störfuðu við flugskýli Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli. Þrátt fyrir bráðabirgðaaðstöðu í flugskýli varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli til eftirlits og viðhalds Boeingvéla Flugfélags Íslands og aðstöðu fyrir Fökkervélar félagsins í flugskýli Landhelgisgæslunnar, er atvinnuöruggi þessarar stéttar ótryggt. Viðgerðir og viðhald íslenskra flugvéla erlendis kostar mikinn erlendan gjaldeyri, sem við höfum mikla þörf fyrir til annarra nota. Af upplýsingum, sem ég hef fengið um viðgerðar- og viðhaldskostnað flugvéla árin 1971—1974, má sjá þetta í stórum dráttum, en þær eru þessar í milljónum króna talið og eru varahlutir þá meðtaldir:

	Loftleiðir		Flugfélagið		Samtals	
	Erl.	Innl.	Erl.	Innl.	Erl.	Innl.
1971	498	37	38	76	536	113
1972	473	36	38	75	511	111
1973	459	35	52	105	511	140
1974	521	39	87	173	608	212

Af þessu er ljóst, að til nokkurs er að vinna ef takast mætti að flytja þessa starfsemi að mestu inn í landið. Flutningur þessarar þingsályktunartillögu miðar að því að svo geti orðið.